

Jón Kristjánsson, heilbrigðis-og tryggingamálaráðherra Ávarp á aðalfundi Læknafélags Íslands

Ágætu ársfundarfulltrúar.

Það er mér sönn ánægja að fá tæki færi til að segja nokkur orð í upphafi fundar ykkar, ekki síst vegna þess að það eru ekki mörg tækifæri sem ráðherra heilbrigðismála og fulltrúar sérgreinafélaga lækna hafa til að ræðast við. Þetta segi ég vegna þess að mér finnst stundum skorta á að heilbrigðisyfirvöld og fulltrúar fagstéttanna hafi vettvang þar sem okkur gæfist færi á að ræða stóru línurnar í heilbrigðismálum og ekki þau dæmigerðu dægurflugur sem einkenna oft umræður um heilbrigðismálin, dægurflugur sem oftar en takmarkast þegar betur er að gáð við hagsmuni þeirra sem kasta sér út í umræðuna. Oft, en ekki alltaf, finnst mér skjólstæðingar heilbrigðisþjónustunnar verða útundan í þess konar umræðum.

Ein meginstoðin í velferðarsamfélagi samtímans er heilbrigðisþjónustan og það er viðtæk sátt um þessa samfélagsþjónustu. Þessi þjónusta er kjarni velferðarkerfisins og í þessu felst sú hugmyndafræði, að hjálpa þeim sem standa höllum fæti, sem sjúklingurinn gerir jafnan, eins og ykkur sem hér eruð er mæta vel ljóst.

Þessi hugsun var og verður útgangspunktur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum: Heilbrigðisþjónustan stendur öllum opin óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Þessi grunnútgangspunktur þýðir auðvitað að við höfum tekið ákvörðunum um að byggja upp heilbrigðisþjónustu sem er öðru vísi en víða þekkt, en þetta þýðir líka að við höfum ákveðið að reyna að byggja hér upp heilbrigðisþjónustu sem er réttlátari gagnvart sjúklingunum – skjólstæðingum ykkar og mínum – en þekkt víða.

Ein afleiðing af því að ganga út frá því að heilbrigðisþjónustan skuli vera opin öllum óháð efnahags og félagslegri stöðu er að opinberi hluti heildarkostnaðarins sem rennur til heilbrigðisþjónustunnar er hér í hærra lagi. Það segir hins vegar ekkert um heildarkostnaðinn. Hér eru það almennt talað ekki vinnuveitendur sem greiða til heilbrigðisþjónustu starfsmanna, starfsmennirnir sjálfir þurfa ekki að leggja neitt fram sérstaklega með því að kaupa sér einkatryggingar og hér er hlutur einstaklinganna í greiðslum fyrir læknisverk hóflegur þótt hann sé í sumum tilvikum hærri en tíðkast með þeim þjóðum sem við berum okkur saman við.

Þrátt fyrir það hefur engin ríkisstjórn á lýðveldistímanum veitt jafn miklu fé til heilbrigðismála og sú sem nú situr, en ég spyr mig stundum: Er það af því heilsufar þjóðarinnar hafi versnað svona mikið? Hafa aðstæður í næsta umhverfi okkur breyst svona til hins verra, eða er slit af völdum erfiðisvinnu að sliga okkur?

Almennt talað hafa aðstæður okkar sem þjóðar aldrei verið betri. Hér hefur orðið tæknibylting á öllum sviðum og stórlega hefur dregið úr erfiðisvinnu, fólk býr betur en það gerði áður, og almennt séð hafa menn meira fé handa á milli en nokkru sinni fyrr. En hvernig stendur þá á því að þörfin fyrir lækniþjónustu, þörfin fyrir lyf, já þörfin fyrir allt sem snertir heilbrigðisþjónustuna vex frá ári til árs? Hvað er það sem liggur hér að baki? Það ætti að vera viðfangsefni þeirrar samræðu milli heilbrigðisyfirvalda og faghópanna sem ég lýsti eftir hér áðan. Sú umræða er ekki aðeins áhugaverð og mikilvæg hún er nauðsynleg ef við viljum til framtíðar raða okkur í þau sæti á samanburðarlistum um heilsufar sem við verum nú.

Það er rík tilhneiging til þess í okkar samfélagi að skilgreina persónulega kvilla og afleiðingar félagslegra aðstæðna sem veikindi eða sjúkdóma. Margir ykkar hafa til og með tekið þátt í umræðum um það sem kallað er sjúkdómsvæðing, og ég held að við stöndum á, eða færumst nær tímamótum í þessu sambandi. Það er hvorki hollt fyrir samfélagið né borgara þessa lands að skilgreina sífellt fleira af þeim kvillum sem við búum til með líferni okkar sem sjúkdóma. Lausnin á mörgum velferðarsjúkdómunum liggur nefnileg í raun og veru hjá okkur sjálfum og

síður á lækna stofum, eða spítölum. Það getur hins vegar verið að þið, lækna og annað fagfólk, þurfið að opna augu þeirra sem til ykkar leita fyrir þessum staðreyndum í vaxandi mæli.

Það er stundum sagt að við berum ekki ábyrgð á því sem við gerum heldur ekki síður því sem gerum ekki. Og af því ég er farinn að tala um ábyrgð og vekja athygli á ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu og þar með heilbrigðisástandinu í samfélaginu öllu þá langar mig að hvetja ykkur lækna til að íhuga ykkar ábyrgð og skyldur í þessu sambandi. Ég hef heyrt ykkar ágæta formann ræða um bæði reykingar, mataræði og offituvandamál á opinberum vettvangi og þar fannst mér ég heyra nýja, en mjög ánægjulega tóna frá lækna samtökunum.

Engir eru betur til þess fallnir en einmitt lækna að taka þátt í baráttunni gegn reykingum. Engir eru betur til þess fallnir að benda almenningi á afleiðingar offitu eða ofþyngdar og enginn hefur betri aðgang að þeim sem eru í hættu vegna lífnaðarháttanna sinna og þar með betra tækifæri til að opna augu manna fyrir sambandinu milli heilsu og heilbrigðra lífshátta.

Í neytlusamfélagi nútímans er það vandamál hve mjög þjóðin er að þyngjast.

Í neytlusamfélagi nútímans eru börnin okkar og barnabörn orðin allt of þung.

Í neytlusamfélagi nútímans er hreyfingarleysi viðvarandi vandamál.

Bara þessi þrjú atriði hafa geigvænleg áhrif á heilbrigði manna og heilbrigðisþjónustuna alla á næstu árum og áratugum.

Sykursýki, hjartasjúkdómar og stoðkerfissjúkdómar. Þetta verður allt að geigvænlegum heilbrigðisvanda hjá okkur, ef við grípum ekki til aðgerða nú, vanda sem mun reyna svo á greiðslugetu heilbrigðisþjónustunnar og hins opinbera að það verður afar erfitt að ná sömu sátt um lækningar þá og nú er ríkjandi um heilbrigðisþjónustuna.

Við sjáum hættumerkin í þjóð sem er að þyngjast. Við sjáum hættumerki um sjúkdómsvæðingu þegar við erum farin að gefa ungmennum geðdeyfðarlyf þegar aðrar þjóðir leggja kapp á að takmarka slíka lyfjagjöf eða vildu helst banna. Við sjáum hættumerki í reykingum og við sjáum hættumerki í gríðarlega aukinni áfengisneyslu þjóðarinnar.

Það er enn ekki komið að fyrstu afborgun af heilsufarsláaninu sem við sem þjóð erum að taka, en vaxtakostnaðurinn er byrjaður að hlaðast upp og því hvet ég lækna og lækna samtökin til að hefja almennar opinberar umræður um samband lífshátta og heilsufars. Þetta segi ég vegna þess að rúmlega 70% af sjúkdómsbyrðinni má rekja til lífshátta einstaklinganna, umhverfisþátta og annars sem við getum haft áhrif á að mati Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar. Framtíðarinnar vegna þurfa samtök ykkar og heilbrigðisyfirvöld að lyfta Grettistaki í að upplýsa almenning og hvetja til hollra lífshátta.

Það þarf ekki talnaglöggan mann til að sjá að ef okkur tekst ekki að taka tillit til þessara staðreynda þá er verulega hættu á að í framtíðinni felst stórfelld skattheimta vegna vaxandi þarfar fyrir heilbrigðisþjónustu og umönnun, eða þá heilsufar þjóðar sem á eftir að hraka mjög miðað við það sem við þekkjum nú.

Það er von mín að þið á þessum fundi beinið sjónum fundarins að einhverju leyti að hættunum sem þannig leynast framundan og það er líka von mín að lækna samfélagið og heilbrigðisyfirvöld geti unnið að því sameiginlega að snúa af þeirri leið sem við virðumst vera á.

(Talað orð gildir)